



LANDSSAMBAND
smábátæigenda

KLAPPARSTÍG 27 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 552 7922
PÓSTFAX 562-6590
Netfang: nasbo@vortex.is

Alþingi
Erindi nr. P 125/966
komudagur 9.3.2000

7. mars 2000

Sjávarútvegsnefnd Alþingis

Einar K. Guðfinnsson formaður

Efni: Tillaga til þingsályktunar um að skipta árlegum afnotarétti
nytjastofna á Íslandsmiðum milli íbúa landsins.

Landssamband smábátæigenda er andvígnt því að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og galla þess að árlegum afnotarétti nytjastofna á Íslandsmiðum verði skipt jafnt milli allra íbúa landsins.

Greinargerð:

Í greinargerð flutningsmanns, sem er ítarleg að vöxtum, kemur ekkert það fram sem sannfærir L.S. um að þjóðin hafi af því meiri hag að fá senda ávísun um eignarhlut sinn í kvótanum heldur en af því fyrirkomulagi sem nú er.

Tillaga flutningsmanns ber keim af því að vera vel til fallin til vinsælda og því gæti farið svo að viðbrögð við henni gætu orðið í formi upphrópana. Þetta gerir það að verkum að afstaða L.S. kann að þykja ofstækisfull, allt í lagi sé að kanna kosti og galla. L.S. vill vegna þessa benda á að vegna umfangs málsins gæti slíkt orðið afar kostnaðarsamt og telur þeim fjármunum betur varið með öðrum hætti. Til að forðast allan misskilning er rétt að taka fram að L.S. er ekki í vafa um að flm. gangi ekki allt gott til.

L.S. telur þann arð sem kemur vegna nýtingar auðlindarinnar eigi, eins og nú er, að skila sér til almennings gegnum sameiginlegan sjóð landsmanna, ríkissjóð.

Í þeirri umræðu sem fram hefur farið í þjóðfélaginu er allt of oft byggt á misskilningi varðandi skilning á ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, sem orðast svo:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“


Nokkur atriði í greinargerð htv. flm. eru þess eðlis að líklegt má telja að hann skipi þann hóp er missskilur 1. greinina.

Alþingi hefur sett ákveðnar leikreglur fyrir aðal atvinnuveg þjóðarinnar – sjávarútveginn - þegar tekið er tillit til útflutningsverðmæta. Leikreglur þær sem hér um ræðir eru m.a. fólgnar í að fela eigendum fiskiskipa að nýta sameiginlega auðlind íslensku þjóðarinnar. Þetta hafa útgerðarmenn gert og farið eftir þeim leikreglum er Alþingi hefur sett. Skip þeirra, sem mönnum eru íslenskum ríkisborgurum, hafa komið með þann afla sem vísindamenn okkar hafa ráðlagt að komið sé með að landi á hverju ári. Afliinn hefur svo farið til frekari vinnslu og í flestum tilvikum tvöfaldast í verði. Af þessu ferli nýtur almenningur góðs af. Góðæri það sem ríkt hefur hér á landi undanfarin misseri er ekki síst því að þakka að aflabrogð og verð á flestum sjávarafurðum hafa verið okkur hagstæð.

Bent skal á að þrátt fyrir að nú hafi ríkt góðæri til sjávar um nokkurt skeið hafa skuldir sjávarútvegsins sem hlutfall af útflutningsverðmæti hækkað. Allar álögur eru því til þess eins að gera fjöregg okkar brothættara með aukinni skuldsetningu og þar með að skerða lífskjör almennings. Þá helst í hendur aukin neysla almennings, eins og hugmyndir flm. um ráðstöfun gera ráð fyrir og hækkun skulda.

Virðingarfyllt

fh. Landssambands smábátaeigenda


Örn Pálsson framkvæmdastjóri